

Flokkur	Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
75. ZD	Eimkatlar 3, stórskoðun	20.0
76. ZD	Eimkatlar 3, ársskoðun	13.0
77. ZE	Eimkatlar 4, stórskoðun	32.5
78. ZE	Eimkatlar 4, ársskoðun	21.5
79. ZF	Vatnshitunarkerfi	3.2
80. ZG	Neysluvatnshylki	1.1
81.	Gasmæling, 1. geymir	4.0
82.	Gasmæling, hver geymir umfram fyrsta	1.5
83.	Vottun á þrýstiraun	4.0
84.	Átaksprófanir 0-2999 kg	2.7
85.	Átaksprófanir 3000-10000 kg	3.6
86.	Átaksprófanir yfir 10000 kg	5.3
87.	Verklegt próf á vinnuvél	2.5
88.	Verklegt próf í notkun sprengiefna	8.0
89.	Útgáfa skirteina til stjórnunar farandvinnuvéla	2.4
90.	Endurútgáfa skirteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda	1.2
91.	Skráning vinnuvélar	2.7
92.	Eigendaskipti vinnuvéla	1.6
93.	Útgáfa ADR - bráðabirgðavottorð um starfsþjálfun	4.0

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 616/1995 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

Við 9. gr., Ýmis ákvæði, bætist 4. töluliður sem orðist svo:

4. Kranar sem reglugerð þessi gildir um skulu vera þannig búnir eða frá þeim gengið að óviðkomandi geti ekki gangsett þá.

Við 11. gr., Ákvæði til bráðabirgða, bætist nýr liður sem orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins getur í einstökum tilfellum veitt lengri frest en kveðið er á um í reglum þessum til að koma fyrir tilskyldum öryggisbúnaði í krönum. Skilyrði fyrir fresti er að eigandi eða umráðamaður viðkomandi krana sendi Vinnueftirliti ríkisins umsókn um frest ásamt staðfestingu á pöntun öryggisbúnaðar og tímasetta áætlun um ísetningu hans. Ekki er heimilt að veita lengri frest en til 31. desember 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. júlí 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.